



Þarftu aðstoð?

Þú átt rétt á því að fá
aðstoð við að kjósa

Þú ræður hver aðstoðar þig

Þú átt rétt á að fá aðstoð við að kjósa án þess að tilgreina ástæðu fyrir því.

Kjörstjórnin eða einhver annar sem þú velur getur aðstoðað þig. Ef þú ert með þinn eigin aðstoðarmann þarf hann að fylla út eyðublað.



Leynileg kosning

Til að tryggja leynilega kosningu er sá sem aðstoðar þig bundinn þagnarskyldu um það sem ykkur fer á milli í kjörklefanum.